

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitur sveitarfélaga.

I. KAFLI

Stjórn vatnsveitna.

1. gr.

Sveitarstjórn fer með stjórn vatnsveitu í sveitarfélaginu.

2. gr.

Sveitarstjórn getur kosið sérstaka stjórn til að hafa umsjón með framkvæmd vatnsveitumála sveitarfélagsins í umboði sveitarstjórnar.

Ákveði sveitarstjórn að kjósa sérstaka stjórn skal það gert á fyrsta eða öðrum fundi sveitarstjórnar að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Kjörtímabilið skal vera hið sama og sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn skal ákveða fjölda stjórnarmanna. Um fundarsköp gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 svo og ákvæði í samþykkt um stjórn og fundarsköp hlutaðeigandi sveitarfélags. Sveitarstjórn skipar formann stjórnar nema samþykktir sveitarstjórnar kveði á um annað.

3. gr.

Helstu verkefni stjórnar vatnsveitu eru þessi:

Að ákveða framkvæmd vatnsveitumála á veitusvæði vatnsveitunnar í samræmi við samþykktir sveitarstjórnar, sbr. sveitarstjórnarlög nr. 8/1986, lög nr. 81/1991 um vatnsveitur sveitarfélaga og vatnalög nr. 15/1923 eftir því sem við á hverju sinni.

Að gera tillögu að gjaldskrá vatnsveitunnar varðandi fjárhæðir gjalda, skv. 6., 7. og 8. grein laga nr. 81/1991 og III. kafla reglugerðar þessarar og leggja fyrir sveitarstjórn til ákvörðunar.

Að semja drög að fjárhagsáætlun fyrir vatnsveituna og leggja fyrir sveitarstjórn.

Að gera tillögur, um ráðningu vatnsveitustjóra, til sveitarstjórnar. Um ráðningu annarra starfsmanna vatnsveitunnar skal fara eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 og samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélags.

Að afgreiða beiðnir frá húseigendum, skv. 5. grein laga nr. 81/1991 svo og önnur þau erindi, sem berast, og varða vatnsveituna.

Að setja nánari reglur um einstök framkvæmdaratriði reglugerðar þessarar eftir því sem þörf gerist og leggja fyrir sveitarstjórn.

4. gr.

Sveitarstjórn ræður vatnsveitustjóra að fengnum tillögum stjórnar vatnsveitunnar. Gera skal sérstakan ráðningarsamning við vatnsveitustjóra þar sem meðal annars er kveðið á um starfskjör hans. Vatnsveitustjóri skal annast daglegan rekstur vatnsveitunnar í umboði stjórnar vatnsveitunnar. Stjórn vatnsveitunnar skal setja honum erindisbréf, í samráði við sveitarstjórn, þar sem nánar er kveðið á um verksvið hans. Vatnsveitustjóri skal sitja fundi stjórnar vatnsveitunnar með málfrelsi og tillögurétt.

5. gr.

Sveitarstjórnnum er heimilt að hafa samvinnu sín á milli um lagningu og rekstur vatnsveitu m.a. á vettvangi byggðasamlaga og skulu þá ákvæði IX. kafla sveitarstjórnarlaga gilda.

Í stofnsamningi sveitarstjórna um samvinnu í vatnsveitumálum skal m.a. kveða á um stjórn og kjör fulltrúa, fjölda þeirra, kjörtímabil o.fl., sbr. nánar 98. grein sveitarstjórnarlaga.

II. KAFLI

Skilgreining hugtaka.

6. gr.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi orð og hugtök þessa merkingu:

- a) *Vatnsgjald*: Gjald, sem sveitarstjórn leggur á fasteignaeigendur, sem geta notið vatns frá vatnsveitu sveitarfélagsins, í samræmi við 6. grein laga nr. 81/1991, og ætlað er að standa straum af stofnkostnaði og rekstri vatnsveitu.
- b) *Aukavatnsgjald*: Gjald, sem sveitarstjórn leggur á þá notendur vatns, er kaupa vatn til annarra þarfa en heimilis, samkvæmt mældri notkun í rúmmetrum.
- c) *Heimæðargjald*: Gjald, sem felur í sér greiðslu fasteignareiganda til sveitarsjóðs/vatnsveitu fyrir lagningu einnar heimæðar og uppsetningu á stofnkranana.
- d) *Vatnsæð*: Samheiti yfir heimæð, götuæð og aðalæð.
- e) *Aðalæð*: Vatnslögn, sem liggur frá vatnsbóli og götuæðar eru lagðar frá.
- f) *Götuæð*: Vatnslögn, sem liggur frá aðalæð og er ætlað að flytja vatn um einstök hverfi og götur.
- g) *Heimæð*: Vatnslögn, sem liggur frá götuæð og er ætlað að sjá einstökum notendum fyrir vatni.
- h) *Stofnkrani*: Sá hluti heimæðar, sem vatnslagnir innan húss eru tengdar við.

III. KAFLI

Fjármál vatnsveitna.

7. gr.

Þar sem vatnsveitur hafa sjálfstæðan fjárhag skal halda bókhald í samræmi við lög um bókhald nr. 51/1968 og reglugerð nr. 280/1989, um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga o.fl., eftir því sem við á. Semja skal ársreikning fyrir vatnsveituna, sbr. 82. grein sveitarstjórnarlaga. Endurskoðun ársreiknings skal framkvæmd með sama hætti og endurskoðun ársreiknings sveitarsjóðs.

Þar sem vatnsveitur eru deild innan ársreiknings sveitarsjóðs skal gert sérgreint yfirlit um tekjur og gjöld, sem tengjast rekstri og framkvæmdum á vegum vatnsveitunnar.

8. gr.

Fjárhagsáætlun fyrir vatnsveitu skal afgreidd af sveitarstjórn með sama hætti og fjárhagsáætlun sveitarsjóðs, sbr. 75. grein og 78. grein - 80. grein sveitarstjórnarlaga.

Þar sem sérstök stjórn vatnsveitu hefur verið kosin skal hún gera tillögu til sveitarstjórnar um áætlaðar tekjur, rekstrargjöld og framkvæmdir á vegum vatnsveitunnar. Einnig skal stjórn vatnsveitu leggja fyrir sveitarstjórn drög að þriggja ára áætlun, um rekstur, framkvæmdir og fjármál vatnsveitu, sbr. 76. grein sveitarstjórnarlaga. Að öðrum kosti ákveður sveitarstjórn þetta alfarið.

9. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að heimta *vatnsgjald* af öllum fasteignum er vatnsins geta notið og skal við það miðað að gjaldið standi straum af stofnkostnaði og rekstri vatnsveitu. Álagningarstofn vatnsgjalds skal vera afskrifað endurstofnverð húss og mannvirkis, margfaldað með markaðsstuðli fasteigna í Reykjavík samkvæmt matsreglum Fasteignamats ríkisins, sbr. 3. grein laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 90/1990. Stofn til álagningar vatnsgjalds á áðrur fasteignir skal vera fasteignamat.

Sveitarstjórn ákveður upphæð vatnsgjalds, að fenginni tillögu stjórnar vatnsveitu. Vatnsgjald má nema allt að 0,3 hundraðshlutum af álagningarstofni. Gjald dagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatts og innheimtu þeirra hagað á sama hátt í samræmi við 4. grein laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 90/1990.

10. gr.

Í fyrirtækjum og annars staðar þar sem vatn er notað til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, eða af öðrum ástæðum, skal auk vatnsgjalds greiða sérstakt gjald, *aukavatnsgjald*. Aukavatnsgjald, skal notandi að jafnaði greiða, samkvæmt notkun vatns mældri í rúmmetrum. Sveitarstjórn ákveður, sbr. 3. grein, gjald þetta sem má fyrir hvern rúmmetra nema allt að 15 kr. Heimilt er sveitarstjórn að hækka gjaldið ársfjórðungslega en grunngjaldið miðast við vísitölu byggingarkostnaðar í október 1991, 187 stig. Verði mælingu vatnsins eigi komið við ákveður sveitarstjórn, að fengnum tillögum stjórnar vatnsveitu, aukavatnsgjaldið samkvæmt áætlaðri notkun. Aukavatnsgjald skal innheimta eftir á en sveitarstjórn ákveður hvenær gjalddagi er.

11. gr.

Sveitarstjórn/vatnsveitan lætur þeim, er greiða skulu aukavatnsgjald, í té löggilta vatnsmæla. Sveitarstjórn/vatnsveitan er eigandi mælisins og ákveður stærð hans og gerð í samræmi við vatnsnotkun á hverjum stað. Sá er notar vatn samkvæmt mæli skal greiða árlegt leigugjald fyrir mælinn. Sveitarstjórn ákveður upphæð leigugjalds, sbr. 3. grein. Sveitarstjórn/vatnsveitan annast og kostar eðlilegt viðhald vatnsmælis, en allar skemmdir af mannavöldum og frosti ber fasteignareiganda að bæta.

Ef maður rífur innsigli vatnsmælis varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

Vatnslagnir innan húss eiga jafnan að vera þannig lagðar, að hægt sé að nota einn mæli fyrir hvert innanhússkerfi. Verði vatnsmæli eigi komið fyrir án breytinga á vatnslögn, er fasteignareiganda skylt að láta breyta lögninni á eigin kostnað. Honum ber og að tilkynna sveitarstjórn/vatnsveitunni tafarlaust bilanir á vatnsmæli, er hann kann að verða var við.

12. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði vatnsveitu við lagningu vatnsæðar, heimæðar, frá götuæð í stofnkrana húss og uppsetningu hans skal fasteignareigandi greiða heimæðargjald. Sveitarstjórn ákveður upphæð heimæðargjalds, sbr. 3. grein, og skal gjald fyrir eina heimæð taka mið af rúmmáli húss (m^3), utanmáli.

13. gr.

Endurgjald hafnarsjóðs til sveitarsjóðs/vatnsveitu vegna vatnssölu til skipa, báta og annarra úr vatnsdreifikerfi hafnar skal miðast við melda notkun og ákveður sveitarstjórn gjald fyrir hvern rúmmetra í gjaldskrá. Hafnarstjórn/sveitarstjórn ákveður verð fyrir hvern rúmmetra vatns, sem seldur er til skipa og báta.

14. gr.

Selji sveitarfélag öðru sveitarfélagi vatn skal endurgjald fyrir vatnið ákveðið með samkomulagi aðila eða mati dómkvaddra matsmanna náist ekki samkomulag. Við mat skal þess gætt að endurgjaldið verði aldrei minna en sannanlegur kostnaður sveitarstjórnar/vatnsveitunnar af vatnsvinnslu og dreifingu vegna vatnssölunnar, ásamt allt að 5% álagi af bundnu fjármagni.

15. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að binda vatnssölu til fyrirtækja, sem nota vatn í tengslum við framleiðslu sína, því skilyrði að gerður verði sérstakur vatnssölusamningur, er taki m.a. mið af kostnaði sveitarstjórnar/vatnsveitunnar af vatnsvinnslu og dreifingu vegna vatnssölunnar ásamt allt að 25% álagi af bundnu fjármagni.

16. gr.

Sveitarstjórn skal setja gjaldskrá, að fengnum tillögum stjórnar vatnsveitu, sbr. 3. grein, þar sem m.a. komi fram fjárhæð þeirra gjalda, sem heimilt er að innheimta samkvæmt þessum kafla, svo og gjalddagar þeirra. Sveitarstjórn er heimilt að binda gjöld þessi, önnur en vatnsgjald, við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar.

III. KAFLI

Lagning veitukerfis, viðhald o.fl.

17. gr.

Sveitarstjórn lætur leggja allar lagnir veitukerfis sveitarfélagsins, þ.e. aðalæðar, götuæðar og heimæðar. Sveitarstjórn á allar þessar lagnir og annast og kostar viðhald þeirra.

18. gr.

Um vatnslagnir, sbr. 17. grein, gilda ákvæði íslensks staðals, ÍST 67. Um gerð vatnslagna, tæknibúnað, vísast að öðru leyti til VIII. kafla byggingarreglugerðar nr. 279/1979 með áorðnum breytingum.

19. gr.

Þeir pípulagningameistarar einir mega hafa umsjón með og bera ábyrgð á framkvæmdum við lög vatnsveitu og viðhald hennar, sem til þess hafa hlotið viðurkenningu byggingarnefndar og fullnægja að öðru leyti skilyrðum sem sett eru í lögum og reglugerðum.

Áður en framkvæmdir hefjast, skulu hlutaðeigandi meistarar rita á samþykktan uppdrátt, eða á þar til gerð eyðublöð, að þeir taki að sér umsjón með framkvæmdum. Með þeirri áritun tekur meistari á sig þá ábyrgð, að framkvæmdir verði í samræmi við samþykktan uppdrætti, veitt leyfi, lög og reglur, sem til greina kunna að koma.

Ef meistari hættir umsjón með framkvæmdum áður en verki er lokið, skal það tilkynnt til byggingarfulltrúa. Skal þá fara fram úttekt á þeim hluta mannvirkis, sem lokið er, og má ekki halda áfram framkvæmdum, fyrr en annar meistari hefur áritað uppdrætti og tekið við framkvæmdum. Fráfarandi meistari er þó ábyrgur fyrir þeim hluta verksins, sem hann hafði umsjón með.

Pípulagningameistari, sem áritað hefur uppdrátt, ber meðal annars ábyrgð á lögnum og einangrun þeirra.

20. gr.

Eigandi fasteignar við veg eða opið svæði, þar sem götuæð liggur, á rétt á að fá heimæð lagða frá götuæð í fasteignina.

Sá, sem óskar eftir því að heimæð vatnsveitu verði lögð í fasteign eða breytingar gerðar á heimæð, vegna framkvæmda á hans vegum, skal sækja um það til sveitarstjórnar/stjórnar vatnsveitu. Umsókn skal undirrituð af eiganda hússins eða fullgildum umboðsmanni hans.

Umsókn skulu fylgja teikningar af vatnslögnum. Teikningar þessar skulu fylgja almennum reglum um hönnun vatnslagna, sbr. 18. grein, þessarar reglugerðar, byggingarlög, byggingarreglugerð og vera samþykktar af byggingarnefnd.

Eigandi fasteignar skal greiða gjald fyrir lagningu einnar heimæðar, sbr. 12. grein. Þurfi að gera breytingar á heimæð vegna framkvæmda á vegum húseiganda skal hann kosta þær.

Vélar og tæki, önnur en venjuleg heimilistæki, má ekki tengja við heimæð nema að fengnu leyfi sveitarstjórnar/stjórnar vatnsveitu.

21. gr.

Sveitarstjórn/stjórn vatnsveitu ákveður legu heimæðar um lóð og staðsetningu stofnkрана í samráði við fasteignareiganda.

Fasteignareigandi skal gera ráð fyrir stofnkрана vatnsveitu við útvegg kjallara eða fyrstu hæðar, ef fasteign er kjallaralaus. Þar skal vera niðurfall í gólfi og rými aðgengilegt starfsmönnum vatnsveitu.

Við lagningu heimæðar og viðhald hennar, skulu starfsmenn vatnsveitunnar halda raski í lágmarki og ganga snýrtilega um og færa allt til fyrra horfs eins og við verður komið.

Eigandi fasteignar á ekki kröfu á sérstakri greiðslu fyrir óþægindi vegna lagningar og viðhalds heimæðar.

22. gr.

Réttur húseigenda til vatnsnota skuldbindur ekki vatnsveituna til þess að tryggja, að þrýstingur í götuæðum sé ávallt nægilegur.

Vatnsveitan skal, eftir því sem mögulegt er, sjá húseigendum fyrir fullnægjandi vatnsmagni og þrýstingi inn á sjálfvirk vatnsúðakerfi til slökkvistarfa.

Ef þannig stendur á að götuæðar, sem fyrir eru, geta ekki séð atvinnufyrirtæki eða öðrum fyrir nægilegu vatni til annarra þarfa en heimilis, getur sveitarstjórn/stjórn vatnsveitu sett það sem skilyrði fyrir úrbótum, að húseigandi/notandi taki hlutfallslegan þátt í kostnaði við nauðsynlegar úrbætur.

Ef vatnsæðar hafa ekki verið lagðar í götu, þar sem óskað er eftir vatnsnotkun, getur sveitarstjórn/stjórn vatnsveitu sett það sem skilyrði fyrir lögn vatnsæðar, að húseigandi/notandi taki þátt í kostnaði við lögnina.

23. gr.

Eigandi fasteignar á allar vatnslagnir innanhúss og er skylt að halda þeim vel við svo og vatnstækjum hússins. Verði vatnsnotandi uppvís að óhóflegri vatnsnotkun eða vanræki viðhald á vatnslögnum og vatnstækjum innanhúss getur sveitarstjórn/stjórn vatnsveitu krafist þess að úr því verði bætt. Verði fasteignareigandi ekki við kröfu um úrbætur getur sveitarstjórn/stjórn vatnsveitu stöðvað sölu á vatni, sbr. 29. grein.

Sveitarstjórn/stjórn vatnsveitu getur krafist þess, að fyrirtæki, er mikið vatn nota, afli sér sparneytnari vélar eða setji upp geyma til söfnunar vatns að næturlagi.

24. gr.

Starfsmenn vatnsveitu skulu, í samráði við húseigendur, hafa aðgang að öllum vatnslögnum innanhúss til eftirlits. Húseigendum ber að gefa þeim upplýsingar um vatnslagnir og vatnsnotkun eftir því sem unnt er. Enn fremur skulu starfsmenn vatnsveitunnar hafa frjálsan aðgang að heimæð vatnsveitu á lóð, vegna framkvæmda við viðhald og eftirlit. Hið sama gildir um lönd þar sem aðalæðar liggja.

25. gr.

Sveitarstjórn/stjórn vatnsveitu skal koma fyrir brunahönum í samráði við slökkviliðs- stjóra og annast viðhald þeirra og eftirlit.

Óheimilt er öðrum en slökkviliði við slökkvistörf og starfsmönnum vatnsveitunnar við störf þeirra, að opna brunahana, nema með sérstöku leyfi sveitarstjórnar/stjórnar vatnsveitu.

26. gr.

Ef eldsvoða ber að höndum hafa slökkvilið, lögregla og starfsmenn vatnsveitu heimild til þess að gera hverjar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar mega teljast, hvort heldur á vatnsæðum í eigu sveitarstjórnar/vatnsveitu eða einkaeign.

V. KAFLI

**Um lokun fyrir vatn, innheimtu gjalda
og viðurlög gegn brotum.**

27. gr.

Ef nauðsyn krefur, vegna viðgerða á dælustöðum, vatnsgeymum, vatnsæðum og öðrum lögnum veitukerfis vatnsveitunnar eða af öðrum ástæðum, getur vatnsveitan fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun, takmarkað vatnsrennsli eða lokað fyrir vatn, eftir því sem þörf krefur hverju sinni, enda tilkynni vatnsveitan fyrirfram um slíkar takmarkanir, ef unnt er.

28. gr.

Fullt vatnsgjald ber að greiða, þótt lokun fari fram samkvæmt 19. grein, og vatnsveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, er verða vegna vinnu við veitukerfi vatnsveitunnar, rafmagnstruflana eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum.

29. gr.

Vatnsgjald og heimðargjald ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði eru tryggð með lögveðsrétti í fasteigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Ef hús brennur eftir að vatnsgjald eða heimðargjald fellur í gjalddaga er sami forgangsréttur í brunabótafjárhæð eignarinnar.

Heimilt er að loka fyrir heimæðar hjá þeim, sem vanrækja greiðslu aukavatnsgjalds og gjald fyrir mælaleigu, að undangenginni skriflegri aðvörun. Aukavatnsgjald og gjald fyrir mælaleigu má taka fjárnámi.

Heimilt er að stöðva vatnssölu til allra þeirra, er vanrækja viðhald vatnslagna innanhúss, eru staðnir að soun vatns eða brjóta gegn ákvæðum reglugerðar þessarar.

30. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum, sem renna skulu í sveitarstjórn, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Mál varðandi brot á reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

VI. KAFLI

Gildistökuákvæði.

31. gr.

Reglugerð fyrir vatnsveitur sveitarfélaga skal gilda fyrir allt landið.

Reglugerð þessi, sem sett er á grundvelli laga nr. 81/1991 um vatnsveitur sveitarfélaga, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1992. Við gildistöku hennar falla úr gildi þær reglugerðir, samþykktir og gjaldskrár, sem sveitarstjórn hefur samþykkt um vatnsveitu sveitarfélags og félagsmálaráðuneytið hefur staðfest.

Félagsmálaráðuneytið, 30. desember 1991.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Pórhildur Línal.